

**Ed.**

**482. Frumvarp**

til laga um varnarþing í einkamálum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Í stað þess að höfða mál í þinghá þeirri, er stefndur býr í, getur sækjandi, ef hann kys það heldur, höfðað málið og rekið það í þeirri dómþinghá lögsagnar- undæmisins, þar sem dómari hefir skrifstofu sína. Slik mál má jafnan reka fyrir gestarjetti, en ef málsaðiljar eru báðir búsettir í sömu dómþinghá, skal þó sátt- umleitun fara fram fyrir sáttanefnd á venjulegan hátt.

Lög þessi ná eigi til vitnamála, landamerkjamála nje vettvangsmála.

2. gr.

Um stefnufrest í málum, sem höfðuð eru samkvæmt lögum þessum, fer eftir almennum fyrirmælum laga.